

## Barítónhorn

Barítónhorn eru til í mismunandi stærðum og hafa mismunandi nöfn í ólíkum löndum, s.s. tenórhorn, barítón, euphonium og jafnvel tenórtúba. Í talmáli er heitið þó oftast en ekki stýtt í barítón. Hér á landi hefur hljóðfærið verið nefnt barítónhorn eða tenórhorn. Í raun er um tvö mjög lík hljóðfæri að ræða en í þessari námskrá er litið á þau sem eitt og sama hljóðfærið. Rétt er að geta þess að í Bretlandi er hugtakið „tenor horn“ notað yfir horn í Es sem hérlendis er nefnt althorn.



Nám á barítónhorn getur hafist þegar nemendur hafa líkamlega burði til að leika á hljóðfærið. Algengast er að námið hefjist við 8 til 9 ára aldur. Þegar um svo unga nemendur er að ræða er æskilegt að skólinn eigi hljóðfæri til afnota fyrir nemendur í kennslustundum enda gæti þeim reynst erfitt að ferðast með hljóðfæri af þessari stærð.

Barítónhorn fást ýmist með þremur eða fjórum ventlum. Algengast er að nemendur hefji nám á hljóðfæri með þremur ventlum en skipti síðar yfir í fullkomnara hljóðfæri. Fjórði ventillinn auðveldar leik djúpra tóna og eykur nákvæmni í inntónun.

Tónlist fyrir barítónhorn er ýmist skrifuð í G- eða F-lykli, annars vegar í B eins og fyrir B-trompet, hins vegar í C eins og fyrir básúnu. Hvort tveggja er álíka algengt.

Fremur lítið er til af tónlist sem sérstaklega er samin fyrir barítónhorn. Nemendur nýta sér því gjarnan nótur sem skrifaðar eru fyrir önnur hljóðfæri, s.s. trompet, básúnu, selló, fagott eða túbu. Algengt er að yngri nemendur notist við kennslufni fyrir trompet eða básúnu eftir því hvort þeir hafa vanist að lesa nótur í G-lykli eða F-lykli.

Barítónhornið er mest áberandi í ýmiss konar blásaratónlist en einnig er það stöku sinnum notað í sinfónískum verkum.

Mikið er til af samleiksverkum fyrir málmlásara. Algengust eru kvintettar, kvartettar og tríó en einnig er talsvert um verk fyrir stærri hópa, svo sem lúðrasveitir og málmlásarakóra. Mjög æskilegt er að nemendum á málmlásturshljóðfæri gefist tækifæri til að kynnast þessari tónlist, gjarnan í reglulegu starfi samleikshópa. *(Aðalnámskrá tónlistarskóla)*

- - -

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).